



# SAMEINING

HELSTU ÁHERSLUR  
ÚR STARFI SAMSTARFSNEFNDAR  
KYNNINGARFUNDIR

Aðaldælahreppur  
Skútustaðahreppur  
Þingeyjarsveit

Sameiningarkosningar  
17. nóvember 2007





## Samstarfsnefnd

Á sameiginlegum fundi sveitarstjórna Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar þann 11. október 2006 var eftirfarandi samþykkt:

„Skipuð verði vinnunefnd þar sem eiga sæti tveir fulltrúar frá hverju sveitarfélagi og tveir til vara. Hlutverk nefndarinnar verði að kanna grundvöll fyrir sameiginlegu sveitarfélaganna og leiða þá vinnu sem til þess þarf. Sveitarstjórnirnar tilnefni fulltrúa sína í nefndina fyrir 25. október. Fulltrúar Aðaldælahrepps kalli saman fyrsta fund vinnunefndarinnar.“

Þessi vinnunefnd lagði til við sveitarstjórnirnar að skipa formlega samstarfsnefnd sem þær gerðu og hélt hún fyrsta fund sinn 21. febrúar 2007.

Í nefndinni eiga sæti:

Fyrir Aðaldælahrepp:

Bjarni Höskuldsson og Hólmgeir Hermannsson

Fyrir Skútustaðahrepp:

Böðvar Pétursson og Dagbjört Bjarnadóttir

Fyrir Þingeyjarsveit:

Ásvaldur Æ. Þormóðsson og Erlingur Teitsson, sem kjörinn var formaður.

Nefndin réð Reinhard Reynisson sem verkefnisstjóra.

Hún hefur haldið 12 bókaða fundi.

## Skref inn í nýtt sveitarfélag

Íbúum Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar gefst tækifæri þann 17. nóvember til að greiða atkvæði um sameiningu sveitarfélaganna þriggja. Samstarfsnefnd skipuð fulltrúum sveitarfélaganna hefur unnið að verkefninu um nokkurt skeið og lagt fram skýrslu um núverandi starfsemi sveitarfélaganna og valkosti við sameiningu. Auk þess var Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri falið að gera sérstaka úttekt á skólamálum í sveitarfélögunum og valkostum til breytinga. Báðar skýrslurnar hafa verið gerðar opinberar og er að finna á heimasíðum sveitarfélaganna.

Í þessum bæklingi er samantekt á helstu punktum úr skýrslu samstarfsnefndar. Nefndin varpar í henni ljósi á leiðir sem fara má í útfærslu málaflokka, verði sameining samþykkt. Það er hins vegar þeirra sem bjóða fram til sveitarstjórnar sameinaðs sveitarfélags að móta stefnu og leggja fyrir kjósendur áður en hið nýja sveitarfélag hefur starfsemi. Hér er því um að ræða upphaf í nokkuð löngu lýðræðislegu ferli en engu að síður mikilvægar upplýsingar fyrir íbúana að hafa til hliðsjónar fyrir kjördag, þann 17. nóvember.

Áður en til kjördags kemur mun samstarfsnefnd efna til þriggja kynningarfundar og eru þeir auglýstir á baksíðu bæklingins. Nefndin notar þetta tækifæri til að hvetja íbúana til að taka þátt í fundunum, umræðunni og sér í lagi að nýta atkvæðisréttinn á kjördag.



## Yfirstjórn og fjármál í sameinuðu sveitarfélagi

Þjónustugeta sveitarfélaga grundvallast á íbúafjölda og tekjum. Íbúum í sveitarfélögum þremur hefur fækkað á undanförunum 10 árum og liggja margar ástæður að baki. Mest hefur fækkun orðið í yngsta aldurshópnum, eða um 42% á 10 árum. Að óbreyttu eru ekki horfur á verulegri fjölgun íbúa og því er mikilvægt að skoða möguleika til endurskipulagningar sveitarfélaganna þannig að sem best verði staðið undir grunnþjónustunni, samhliða framkvæmdum.

### Fjármál

Skýrsla RHA um skólamál sýnir fram á að möguleikar eru til hagræðingar í rekstri með sameiningum grunnskóla. Samstarfsnefnd setur ekki fram í skýrslu sinni tölulegar stærðir um slíka hagræðingu enda yrði það verkefni á borði sveitarstjórnar, verði sameining samþykkt. Ljóst er að sameining skapar tækifæri til betri nýtingar fjármuna í þjónustu við íbúana. Þá hefur sameinað sveitarfélag möguleika til að njóta fjárstuðnings við endurskipulagningu stjórnsýslu og þjónustu, líkt og sveitarfélög sem sameinast hafa að undanförunum.

Íbúafjöldi	1997 / 2006
Aðaldælahreppur	313 / 257
Skútustaðahreppur	472 / 410
Þingeyjarsveit	821 / 699



## Stjórnsýsla

Lagt er til að stjórnsýslan verði byggð á þremur megin sviðum, þ.e. stjórnsýslusviði, þjónustusviði og framkvæmdasviði. Sviðunum stýra byggðaráð og sveitarstjóri en æðsta vald sveitarfélagsins er hjá kjörinni sveitarstjórn.



Samstarfsnefnd gerir tillögu um eftirfarandi skipulag, fulltrúafjölda og nefndir. Byggt er á skipuriti sem birt er hér til hægri:

Sveitarstjórn – 9 fulltrúar  
Byggðaráð – 3 fulltrúar

### Félagsmálanefnd


Fræðslunefnd

Fristunda- og menningarmálanefnd

Skipulags- og bygginganefnd

Atvinnumálanefnd

Veitunefnd



Auk þess skipi sveitarfélagið í nefndir og trúnaðarstöður á borð við kjörstjórn, héraðsnefnd, í embætti fjallskilastjóra og þannig mætti telja.

## Stjórnsýsla á Laugum

Samstarfsnefnd leggur til að stjórnsýsla sameinaðs sveitarfélags verði byggð upp á Laugum, sem eru landfræðilega miðsvæðis í sveitarfélaginu. Kostir rafrænnar upplýsingamiðlunar og þjónustu verði nýttir sem best og þannig tryggt að íbúar eigi auðvelt með að sækja erindi sín til sveitarfélagsins.





## Grunnskólar

**Aðaldælahreppur**  
Hafralækjarskóli  
65 nemendur

**Skútustaðahreppur**  
Grunnskóli Skútustaðahrepps  
67 nemendur

**Pingeyjarsveit**  
Stórutjarnaskóli  
42 nemendur

Litlulaugaskóli  
43 nemendur



## Valkostir í grunnskólamálum

Fræðslumál eru kostnaðarsamasti rekstrarþáttur flestra sveitarfélaga og á það við um öll sveitarfélögin þrjú sem hér eru til umfjöllunar. Íbúapróun á svæðinu ræður mestu um skipan og þróun skólamála og í ljósi þess taldi samstarfsnefnd mikilvægt að kalla eftir úttekt á málefnum grunnskóla í sveitarfélögunum, stöðu og framtíð. Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri skilaði skýrslu sem gerð var opinber í sumar og var hún grundvöllur umfjöllunar í nefndinni og á umræðufundum samstarfsnefndar með íbúum fyrr í haust.

Samanlagt eru nú 217 nemendur í skólunum fjórum. Í skýrslu sinni framreiknar RHA nemendafjölda miðað við fjölda barna 0-5 ára og sést þá að fækkun grunnskólánemenda verður talsverð á komandi árum en mismikil eftir skólasvæðum. Samkvæmt þessu mati verða grunnskólánemendur á svæðinu 160 talsins skólaárið 2012-2013, eða 32% færri en nú. Að mati samstarfsnefndar sýnir þessi framvinda að breytingar eru óhjákvæmilegar í skólamálum á svæðinu á komandi árum, burtséð frá sameiningu sveitarfélaganna.



## Þrjú megin valkostir

RHA setur í skýrslu sinni fram þrjú valkosti í grunnskólumálum á svæðinu.

### Valkostur 1:

#### Óbreytt skipan skólamála á svæðinu

*Helstu kostir m.a.:*

Ekki röskun á högum nemenda eða starfsfólks.

*Helstu ókostir m.a.:*

Fámennir skólar og kostnaðarsamur rekstur.

### Valkostur 2:

Sameining skólahalds Hafralækjarskóla og Litlulaugaskóla á Hafralæk en skólahald í Stórutjarnaskóla og grunnskólanum í Skútustaðahreppi óbreytt

*Helstu kostir m.a.:*

Auðveld breyting í framkvæmd og skapar lítið umrót.

*Helstu ókostir m.a.:*

Kostnaðarsamari og lengri skólaakstur.

Skólar sveitarfélagsins áfram fámenntir.

### Valkostur 3:

Allt skólahald sameinað í eina skólastofnun á Laugum og skólasel rekið fyrir börn á yngsta- og miðstigi í Reykjahlíð

*Helstu kostir m.a.:*

Fjárhagslegt hagræði og betri nýting mannafla.

Aukinn fjölbreytileiki mögulegur í skólastarfi.

*Helstu ókostir m.a.:*

Mikill skólaakstur og kostnaðarauki honum samfara.

Færri störf og / eða flutningur þeirra milli svæða.

Samstarfsnefnd telur þá úttekt sem fyrirliggjandi er, mat á framtíðarþróun og þá þrjú valkosti sem nefndir eru hér að framan, grundvöll fyrir sveitarstjórn í sameinuðu sveitarfélagi til áframhaldandi umfjöllunar og stefnumótunar í fræðslumálum.



## Leikskólar

Sameining kallar ekki á breytingar á starfi leikskóla eða leikskóladeilda sem starfa í öllum sveitarfélögum. Mikilvægt er að horfa til aukinnar faglegrar tengingar þeirra við grunnskólana, sem einnig getur leitt til rekstrarlegs hagræðis.

## Tónlistarskólar

Mikill metnaður er í starfi tónlistarskóla í sveitarfélögum. Með sameiningu þeirra skapast tækifæri til að samþætta starf tónlistarskólanna betur, hagræða í rekstri og samnýta starfsfólk.



## Þjónusta í sameinuðu sveitarfélagi

Þar sem þjónusta sveitarfélaganna er um margt áþekkt og samstarf nú þegar á milli þeirra um rekstur ýmissa mála-  
flokka, verður ekki séð að sameiningin sem slík raski því  
þjónustustigi sem þegar er til staðar. Sameiningin mun  
hins vegar auðvelda samræmingu og þróun þjónust-  
unnar, íbúum til hagsbóta. Þannig gerir samstarfsnefnd  
ráð fyrir að sameinað sveitarfélag haldi áfram samstarfi  
um Fjölskylduþjónustu Þingeyinga og barnavernd-  
arnefnd sem undir hana heyrir. Félagsheimili fái eina  
yfirstjórn, sem opnar möguleika til samræmingar í rekstri  
en sérhæfingar í starfsemi. Ein stjórn verði yfir bókasöfn-  
um, sem og íþróttamannvirkjum. Ljóst er að hið nýja  
sveitarfélag yrði vel sett hvað íþróttamannvirki varðar  
eftir mikla uppbyggingu á Laugum á undanförmum  
árum.



### Heimilshjálp og málefni aldraðra

Samstarfsnefnd bendir á að með sameiningu skapast  
tækifæri til að styrkja heimilisþjónustu frá því sem nú er.  
Sömuleiðis yrði félagsstarf aldraðra samræmt og eftl þar  
sem sú þjónusta er minnst í dag. Samhliða gæfist tæki-  
færi til að byggja upp dagvist fyrir aldraða.  
Sameining hefur ekki áhrif á samstarf sveitarfélaganna  
hvað varðar búsetumál aldraðra. Þó hlýtur, að mati  
samstarfsnefndar, að koma til álita hvort fýsilegt væri að  
koma upp búsetuúrræðum fyrir aldraða innan nýja  
sveitarfélagsins.





### Veitur í eitt fyrirtæki

Lagt er til að hita-, vatns- og fráveitur verði sameinaðar í eitt veitufyrirtæki.

### Samstarfsverkefni flest óbreytt

Gert er ráð fyrir að sameinað sveitarfélag eigi aðild að samstarfi sveitarfélaga í Þingeyjarsýslu um sorphirðu og sorpförgun í gegnum Sorpsamlag Þingeyinga. Á sama hátt verði haldið áfram samstarfi innan Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga en að mati samstarfsnefndar er ástæða til að skoða kosti þess og galla að sameinað sveitarfélag ráði til sín starfsmann sem hafi ýmis tæknimál með höndum. Um er að ræða verkefni sem að hluta eru nú unnin af sameiginlegu embætti skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyinga.

### Fjallskil í óbreyttu horfi

Samstarfsnefnd telur ekki þörf á breytingu fjallskilamála við sameiningu sveitarfélaganna þriggja. Sama gildir um búfjáreftirlit, forðagæslu, refa- og minkaveiðar.



## Framtíðin og tækifærin

Eðlilegt er að við sameiningu sveitarfélaga, líkt og íbúar greiða nú atkvæði um, sé velt vöngum um framtíðarmöguleika svæðisins. Það hefur samstarfsnefnd gert í umfjöllun sinni og skýrslu.

Ljóst er að fjölgun starfa í landbúnaði er ekki líkleg á komandi árum. Hins vegar hvílir rík skylda á sameinuðu sveitarfélagi að standa vörð um hagsmuni atvinnugreinarinnar, vegna mikilvægis hennar á svæðinu.

Virkjun orkuauðlinda innan marka hins sameinaða sveitarfélags er eitt helsta sóknarfæri svæðisins. Mestu skiptir að nýting þeirra skili atvinnu- og verðmætasköpun innan héraðs. Uppbygging orkufreks iðnaðar við Húsavík er mikilvægur þáttur í því en einnig ber að horfa til nýtingarmöguleika innan sveitarfélagsins. Þessi tæki-

færi, með tilheyrandi íbúafjölgun, þarf að greina og meta, m.a. með tilliti til skipulagsmála og uppbyggingar grunnþjónustu.

Gerð Vaðlaheiðarganga mun stórbæta samkeppnisstöðu svæðisins með tilliti til atvinnuuppbyggingar og búsetu. Til að fullnýta þá samgöngubót og jafna aðstöðu er jafnframt nauðsynlegt að leggja áherslu á uppbyggingu vega um byggðir hins sameinaða sveitarfélags. Þær samgöngubætur munu nýtast ferðaþjónustunni og ýmsum öðrum þjónustugreinum ásamt því að bæta búsetuskilyrði íbúanna. Samstarfsnefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að nýtt sveitarfélag greini tækifærin sem Vaðlaheiðargöngum geta fylgt hvað varðar fjölgun íbúa. Þannig verði unnt að greina hvar uppbyggingar er þörf og hvernig.

Vert er að geta hér þekkingar- og rannsóknastarfsemi sem líklegt er að eigi eftir að eflast í þessu samfélagi, líkt og öðrum. Möguleikar á þeim sviðum tengjast einnig starfsemi Framhaldsskólans á Laugum og mikilvægt að sveitarfélagið styðji við bak þeirrar stofnunar.

Af ofangreindu er ljóst að þrátt fyrir íbúapróun síðustu ára eru tækifæri svæðisins til uppbyggingar margvísleg. Nýting þeirra mun meðal annars ráðast af samtakamætti íbúanna. Með sameiningu sveitarfélaganna styrkjum við samtakamáttinn og tryggjum það um leið að við munum sameiginlega njóta ávaxtanna.



## Atkvæðagreiðsla

Kjörfundir vegna kosninga um sameiningu sveitarfélaganna verða laugardaginn 17. nóvember sem hér segir:

### Fyrir íbúa Aðaldælahrepps

Að Ýdölum kl. 10:00 - 18:00, enda sé liðin hálf klukkustund frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.

### Fyrir íbúa Skútustaðahrepps

Í Skjólbrekku kl. 10:00 - 18:00, enda sé liðin hálf klukkustund frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.

### Fyrir íbúa Þingeyjarsveitar

Á Fosshóli kl. 10:00 - 18:00, enda sé liðin hálf klukkustund frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.

Talning fer fram þegar kjörstöðum hefur verið lokað og að henni lokinni verða úrslit send fjölmiðlum og birt á heimasíðum sveitarfélaganna þriggja.

Kjósa má utan kjörfundar hjá sýslumönnum og erlendis í skrifstofum sendiráða eða fastanefndar hjá alþjóðastofnun, í sendiræðisskrifstofu eða í skrifstofu kjöræðismanns samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðuneytisins.



# Kynningarfundir

Opnir kynningarfundir samstarfsnefndar með íbúum sveitarfélaganna verða haldnir sem hér segir:

## Að Ýdölum þriðjudaginn 6. nóvember kl. 20:30

Gestur fundarins:

Stefanía Traustadóttir, sérfræðingur í félagsmálaráðuneytinu

## Í Skjólbrekku miðvikudaginn 7. nóvember kl. 20:30

Gestur fundarins:

Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga

## Á Breiðumýri fimmtudaginn 8. nóvember kl. 20:30

Gestir fundarins:

Karl Frímannsson, skólastjóri Hrafnagilsskóla, en skólinn er fjölmennur skóli í sameinuðu sveitarfélagi.

Fanney Ásgeirsdóttir, skólastjóri Grunnskóla Vestmannaeyja, en hún hefur rannsakað sérstaklega samfélagslegt hlutverk fámenna skólans.

Samstarfsnefndarmenn hafa framsögur á öllum fundunum, auk framsöguerinda gesta. Fundunum er ætlað að vera upplýsinga- og umræðuvettvangur fyrir íbúa um sameiningartillöguna og hvetur samstarfsnefnd þá til að nýta sér þetta tækifæri til að spyrjast fyrir og koma sjónarmiðum á framfæri.

Tekið skal fram að þó fundir séu í öllum sveitarfélögunum er íbúum, sem öðrum, að sjálfsgöðu frjálst að sækja þá óháð sveitarfélaga-mörkum.



## Víðfeðmt sveitarfélag

